

Fundargerð

Fundur í skólamálaráði 18.04.2002

Mættir voru: Svala Sævarsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Sigurður Jens Sverrisson, Hjördís Henriksen, Björn Ingimarsson, Ragnheiður Valtýsdóttir, Heiðrún Óladóttir og Þórir Jónsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Mál: Sparnaðartillögur.

Skólastjóri kynnti sparnaðartillögur en aðalinntak þeirra er fækkun tíma í verklegum greinum og meiri samkennsla í íþróttum. Samkennt verður í 1. og 2. bekk. Þetta ætti að skila sparnaði upp á 1.4 stöðugildi. Fram kom að tekjur sveitarfélagsins standa ekki undir rekstri málaflokka og sveitarfélagið búið að fá aðvörun frá Félagsmálaráðuneyti. Rekstur skólans vegur um 40% af rekstri sveitarfélagsins og sá sparnaður sem hér næst fram því þungur á metunum. Nái þessar tillögur fram að ganga næst sparnaður upp á 4-5 millj. Rætt um húsnæðishlunnindi og viðbótarsamninga sem í gildi eru núna og eyðast út á 4 árum. Hugmyndin er sú að húsnæðishlunnindin eyðist út í samræmi við viðbótarsamningana þ.e. á 4 árum.

2. Mál: Ályktun frá kennurum:

Heiðrún las upp ályktun sem gerð var á kennarafundi þann 16. apríl. Sjá meðfylgjandi skjal. Í kjölfarið fylgdu miklar umræður um kjör kennara.

3. Mál: Ráðinga- og starfsmannamál:

Munnlegar umsóknir hafa borist frá Hrafngerði Elíasdóttur og Hjördísi Henriksen. Dögg Matthíasdóttir hættir í vor, en aðrir kennarar og leiðbeinendur hafa hug á að vera áfram eftir því sem næst verður komist. Auglýst verður n.k. sunnudag í fyrsta skipti eftir kennurum. Steinunn og Hjördís tóku til máls og vöktu athygli á því hve nám þeirra á leikskólabraut Háskólans á Akureyri væri samofið námi á grunnskólabraut sama skóla, en mikið var samkennt á þessum tveimur brautum. Þær líta svo á að þær hafi fullkomna menntun til að kenna á yngri stigum og sækjast því eftir að fá ráðningu sem réttindakennarar næsta vetur en töluvert munar á launum leiðbeinenda og réttindakennara.

4. Mál: Málefni leikskóla:

Ekki verður byggt við leikskólann í nánustu framtíð, teikningar liggja fyrir og áætlaður byggingarkostnaður um 18. millj. króna þar af eigin framlag a.m.k. 15. millj. Í stað viðbyggingar hefur verið ákveðið að nýta Hálsveg 3 sem viðbótarhúsnæði. Húsið verður rýmt í næstu viku og áætlað að starfsemi hefjist þar í maí. Kynnt var tillaga að hækkun á hádegismat. Gjaldið hækkar þá úr 110 kr. í 175 kr. en það er 50% af því verði sem grunnskólabörn greiða. Þessi hækkun var samþykkt af ráðinu og tekur gildi þann 1. maí n.k.

5. Mál: Breytingar á stundaskrá:

Breytingar hafa orðið á stundaskrá, en Esther og Dögg hafa skipt á ensku í 9.-10. bekk annars vegar og upplýsingatækni í 1.-3. bekk og myndmennt í 4.-8. bekk hins vegar. Samræmd próf hefjast í 10. bekk í næstu viku. Skólanámskráin verður ekki send út úr þessu, en áætlað er að hún verði gefin út

strax næsta haust. Fólk getur kynnt sér innihald skólanámskrár hjá skólastjóra.

6. Mál: Félagslíf nemenda:

4.-6. bekkur mun syngja á kóramóti sem haldið verður á Þórshöfn. Skákiðkun hefur aukist verulega á síðustu vikum. Keppt verður á héraðsmóti fljótlega. Verið er að skipuleggja skólaferðalög og er sú skipulagning á byrjunarstigi.

7. Mál: Önnur mál:

Esther las upp þakkarbréf frá Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands, þar sem hann þakkar viðtökurnar þann 11. sept. s.l. Einnig las hún bréf frá Landssamtökunum "Heimili og skóli", þar sem boðað er til foreldraþings þann 20. apríl 2002.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Heiðrún Óladóttir ritari